



# VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (\*)



## 1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

### Smurbrauðsdama (-jómfrú)

## 2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS ( EN )

### Open sandwichmaker

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

## 3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

### Handhafi

- tekur á móti unnu og óunnu hráefni, flokkar, gerir samanburð á nótu og þeirri vöru sem afgreidd er og gengur frá hráefnum til geymslu
- metur ástand og gæði hráefnis með hliðsjón af umbúðamerkingum, hitastigi og almennum gæðakröfum
- þekkir reglur um rekjanleikja vöru og þjónustu og afgreiðslu á vörum og þjónustu
- fylgir eftir gæðastöðlum um innra eftirlitskerfi vinnustaða
- skipuleggur verkferla með tilliti til viðfangsefna, gerir pöntunar- og verkefnalista, forgangsraðar verkefnum og undirbýr vinnusvæði
- matreiðir og undirbýr hráefni sem notað er í álegg, eggjarétti og eftirrétti þannig að næringargildi þess varðveitist
- sýður niður, lagar kryddblöndur, saltar, súrsar grænmeti, gerir kjöthlaup, fiskhlaup og grænmetishlaup og annað meðlæti sem tilheyrir smurbrauðsgerð
- semur uppskriftir og setur saman smurbrauðsseðla
- bakar helstu brauðtegundir sem notaðar eru við gerð smurbrauðs og annarra brauðréttar
- matbýr, skreytir og setur fram smurbrauð, snittur og aðra brauðrétti, pinnamat, samlokur, sildarrétti, kalda hádegisverðarrétti, smárétti og ostarétti
- setur saman morgunverðarhlaðborð og ýmis hlaðborð með heitum og köldum réttum

## 4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Smurbrauðsjómfrú starfar þar sem boðið er upp á hvers kyns brauðrétti svo sem í mötuneytum, á hótélum, gistiheimilum, veitingastöðum, kaffihúsum og krám. Ennfremur á smurbrauðsstofum og annars staðar þar sem veitinga- og veislubjónusta er í boði. Smurbrauðsstarfið felur meðal annars í sér að annast innkaup á hráefni og að taka á móti vöru, annast móttökueftirlit þegar það á við og frágang vörunnar samkvæmt viðurkenndum reglum. Smurbrauðsjómfrú vinnur úr hráefni fullbúnar smurðar brauðsneiðar, samlokur, snittur, pinnamat, brauðtertur, hádegisverðarrétti, smárétti, salatrétti og salatsósar með smekklegt útlit og nýtingu hráefnis að leiðarljósi. Hún vinnur einnig við framsetningu hlaðborða með heitum og köldum réttum og morgunverðarhlaðborð. Hún sér um að útbúa smurbrauðsseðla eftir viðurkenndum faglegum reglum og eftir þeirri fjölbreytni sem krafist er á vinnustaðnum. Hún kann skil á og vinnur eftir ákveðnum verkferlum sem notaðir eru við störf í matvælaíðnaði og við frágang vinnslurýma í matvælaíðnaði.

### (\*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfbóðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: [www.cedefop.eu.int/transparency](http://www.cedefop.eu.int/transparency)

© Evrópusambandið 2002

## 5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

<b>Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið</b> Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	<b>Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins</b> Mennta- og menningarmálaráðuneytið
<b>Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega)</b> Framhaldsskólastig Isced 3	<b>Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf</b> 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
<b>Aðgangur að næsta þrepi menntunar/þjálfunar</b> Viðbótarnám til stúdentsprófs og meistaraskóli.	<b>Alþjóðlegir samningar</b>
<b>Lagalegur grunnur</b> Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

## 6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er þrjú ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í þrjár annir, námstími samtals 54 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 80 vikur.

### Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

### Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:  
[www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

### Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)